

Ed. 136. Frumvarp til laga [132. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, með síðari breytingum.

Flm.: Eiður Guðnason, Stefán Jónsson.

1. gr.

Við 27. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðist svo:

Ökuskírteini útgefin af til þess bærum yfirvöldum á Álandseyjum, í Danmörku, Finnlandi, Færeyjum, Grænlandi, Noregi og Svíþjóð skulu hér á landi jafngild íslenskum ökuskírteinum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð hefur nú verið ákveðið að norræn ökuskírteini skuli þar fullgild og það eins þótt skírteinishafi sé fluttur til viðkomandi lands. Þessi ákvörðun stjórnvalda tekur þó ekki til íslenskra ökuskírteina í Danmörku og Svíþjóð.

Fram hefur komið á vettvangi Norðurlandaráðs að tregða Svía til að taka gild ökuskírteini frá Íslandi byggist á því, að íslensk yfirvöld viðurkenna ekki sænsk ökuskírteini.

Frumvarp þetta er flutt til að taka af öll tvímæli og staðfesta í lögum að ökuskírteini útgefin á hinum Norðurlöndunum skuli hér á landi jafngild íslenskum.